

Órjúfanlegt samband

Ást okkar kulnar með hverjum degi sem líður. Hún rennur okkur úr greipum, út um varir okkar, augu, hjörtu. Hjarta hennar leitar ekki lengur skjóls í hjarta mínu og fætur mínir ganga ekki lengur til móts við hana. Við höfum lent í því versta sem getur hent elskendur: við skilum andliti hvort annars. Hún tekur niður andlit mitt og fleygir því á rúmið; ég tek af mér andlit hennar og set það þjósnalega í tómið sem andlit mitt skildi eftir sig. Við hlúum ekki lengur að ást okkar. Það verður þungbært að fara hvort í sína átt.

En hvað sem því líður neita ég að gefast upp fyrr en í fulla hnefana og gríp því til minna ráða. Ég var rétt í þessu að kaupa tunnu af tjöru. Hún rennir grun í áform mitt og sviptir sig klæðum í einni svipan. Hún dýfir sér ofan í seigfljótandi vökvann. Líkami hennar bylgjast í svörtu þykkninu. Þegar ég tel að tjaran hafi náð að þekja allan líkama hennar skipa ég henni að stíga upp úr og leggjast á marmarahellurnar í garðinum. Og þá dýfi ég mér ofan í tjöruna. Sólin er hátt á lofti og hellir geislum sínum yfir okkur. Ég leggst við hliðina á henni og við sameinumst í þétu faðmlagi. Klukkan er tólf á hádegi. Samkvæmt nákvæmum útreikningum mínum ætti hið órjúfanlega samband okkar að vera fullkomnað klukkan þrjú.

Erla Erlendsdóttir þýddi úr spænsku